

Ed.

## §§. Frumvarp

til laga um friðun æðarfugls.

Frá nefndinni í málinu:

Frv. til laga um breytingu á viðaukalögum frá 22. mars 1890 við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849.

1. gr.

Hver, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal gjalda í sekt 50—100 krónur fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja itrekun brotsins.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis sins, nema eggskurn til visindalegra þarfa.

3. gr.

Enginn má hirða, kaupa eða selja dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

4. gr.

Brot gegn 2. og 3. grein varða 25—50 króna sektum, sem tvöfaldast samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Frá 15 apríl til júlímánaðarloka eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 4 km.

6. gr.

Frá 1. apríl til júlímánaðarloka má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varpi hans en  $\frac{1}{2}$  km.

7. gr.

Brot gegn 5 og 6. grein varðar 10—25 króna sektum. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem drepnir eru með skotunum eða netunum fer eftir ákvæðum 1. greinar. Varpeigandi þar, sem brotið er framið, má taka upp netin, en láta skal hann þau af hendi við þann, er þau lagði, er hann hefir goldið sekt sína og kostnað við upptöku netanna eftir óvilhallra manna mati.

8. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfugla net. Nú gerir einhver það, og varðar það 50—100 króna sektum. Netin skulu upptæk og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð þar sem brotið var framið. Um sektir fyrir æðarfugla þá, sem í þau voru veiddir, fer eftir ákvæðum 1. gr.

9. gr.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypiss friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að

hlýða lögum þessum. Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi, og segir hann sýslumanni til, en hann skal friðlýsa varpinu á næsta manntalsþingi og síðan árlega.

10. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sjerstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á islenzku, dönsku, þýzku, ensku og frakknesku.

11. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að  $\frac{1}{3}$  í sveitar-sjóð, en að  $\frac{2}{3}$  til uppljóstrarmanns.

12. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld viðaukalög 22. mars 1890 við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 og öll þau ákvæði í þeirri tilskipun, er snerta friðun á æðarfugli.